

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 267/2023**

**frá 27. október 2023**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1608 frá 30. maí 2023 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 að því er varðar skráningu á perflúoróhexansúlfónsýru (PFHxS), söltum hennar og skyldum efnasamböndum <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1423 frá 5. júlí 2023 um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2022/1486 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1424 frá 5. júlí 2023 um að endurnýja ekki samþykkið fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1421 frá 6. júlí 2023 um að samþykkja brennisteinstvíoxíð sem er leyst úr natríummetabísúlfíti sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 9 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1429 frá 07. júlí 2023 um að samþykkja kjarna úr grábrá (*Chrysanthemum cinerariaefolium*), úr opnum og þroskuðum blómum *Tanacetum cinerariifolium*, fenginn með koltvísýringi í yfirmarksástandi, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 198, 8.8.2023, bls. 24.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 174, 7.7.2023, bls. 15.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 174, 7.7.2023, bls. 17.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 174, 7.7.2023, bls. 9.

vöruflokki 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 <sup>(5)</sup>.

- 6) Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2023/1423 fellir úr gildi framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1486 <sup>(6)</sup>, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 7) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

#### TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

##### *1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 12w (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021):

„– **32023 R 1608:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1608 frá 30. maí 2023 (Stjtið. ESB L 198, 8.8.2023, bls. 24).“

2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 13zzzzzzzzzzzzzb (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2314):

„13zzzzzzzzzzzzzc. **32023 D 1424:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1424 frá 5. júlí 2023 um að endurnýja ekki samþykkið fyrir akrólíni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 12 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 174, 7.7.2023, bls. 17),

13zzzzzzzzzzzzzd. **32023 R 1421:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1421 frá 6. júlí 2023 um að samþykkja brennisteinstvíoxíð sem er leyst úr natríummetabísúlfíti sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 9 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 174, 7.7.2023, bls. 9),

13zzzzzzzzzzzzze. **32023 R 1429:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1429 frá 7. júlí 2023 um að samþykkja kjarna úr grábrá (*Chrysanthemum cinerariaefolium*), úr opnum og þroskuðum blómum *Tanacetum cinerariifolium*, fenginn með koltvísýringi í yfirmarksástandi, sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 18 í samræmi

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 175, 10.7.2023, bls. 12.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 233, 8.9.2022, bls. 83.

við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 175, 10.7.2023, bls. 12).“

3. Texti liðar 12zzzzzzzzf (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1486) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/1608, framkvæmdarreglugerða (ESB) 2023/1421 og (ESB) 2023/1429 og framkvæmdarákvarðana (ESB) 2023/1423 og (ESB) 2023/1424 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Pascal Schafhauser***

*formaður*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.